

**Nd.** **580. Frumvarp til laga** [183. mál]  
um kirkjubyggingasjóð.  
(Eftir 2. umr. í Nd., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 283 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður skal greiða árlega í kirkjubyggingasjóð eigi lægri fjárhæð en 600 000 krónur. Endurskoða skal þá upphæð með hliðsjón af byggingavísitölu, eins og hún er 1. júlí ár hvert.

Kirkjubyggingasjóður veitir viðtöku gjöfum og fer um tekjuskatt af þeim samkv. 30. gr. E-liðs laga nr. 40/1978.

5. gr. hljóðar svo:

Lánsupphæð miðast við stærð kirkju. Má hún vera allt að 200 krónum á hvern teningsmetra, þó aldrei meira en 1 000 krónur á hvern fermetra gólfplat, en fjárhæðir þessar breytast í samræmi við byggingavísitölu, sbr. 2. gr. 1. málsg.

Byggingalánin endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 40 árum.

Til endurbóta á eldri kirkjum má eigi veita hærri lán en sem svarar ½ kostnaðar samkvæmt reikningum, sem sjóðstjórn úrskurðar. Lán þessi endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 20 árum.

9. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög um Kirkjubyggingasjóð nr. 43/1954 ásamt breytingum, sbr. lög nr. 47/1955 og 26/1962.

Skipunartímabili núverandi stjórnar kirkjubyggingasjóðs lýkur, er kirkjuping hefir kosið stjórnarmenn samkvæmt 3. gr. 1. málsg. og tilkynnt kirkjumálaráðherra um kosninguna.

Kirkjumálaráðherra skipar aðalmann og varamann í nefnd þá, er greinir í 4. gr. þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.